



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið  
Skuggasundi 1  
101 Reykjavík

Reykjavík 2. október 2023

2309042SA FHS  
Málalykill: oo.64

### Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun (sameining stofnana) – 103/2023

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda sem birt var þann 18. september 2023 þar sem kynnt eru áform um sameiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands, Landmælinga Íslands og Náttúrurannsóknarstöðvarinnar við Mývatn. Frumvarpið er hluti af áformum um endurskipulagningu stofnana umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins. Ekki verður breyting á lögbundnum verkefnum þessara þriggja stofnana og eru eingöngu gerðar lagabreytingar sem nauðsynlegar eru til samræmingar.

Samband íslenskra sveitarfélaga leggst ekki gegn fyrirhuguðu lagafrumvarpi, enda sé til staðar samlegð í þeim stofnunum sem sameina á. Þá liggur fyrir að hvorki á að fækka starfsmönnum né starfsstöðvum við sameininguna. Mikilvægt sé í slíkri endurskipulagningu að halda í þann mannauð og þekkingu sem byggst hefur upp hjá hverri stofnun fyrir sig til þess að þessi sameining verði farsæl. Sameiningar stofnana hafa á undanförunum árum valdið töluverðu raski á starfsemi þeirra og tíma tekið að byggja upp haldbæra þekkingu á einstökum málaflokkum.

Í tengslum við sameiningu þessara stofnana vill sambandið benda á bókun sem gerð var í kjarasamning sambandsins og félags íslenskra náttúrufræðinga þar sem fram kemur:

„Samningsaðilar munu yfirfara stjórnskipulag náttúrustofa ásamt viðkomandi ráðuneyti með það að markmiði að staða þeirra sé skýr. Í framhaldi verður farið yfir kjarasamning aðila sem tekur mið af niðurstöðu þeirrar vinnu. Aðilar eru sammála um að ljúka þessari vinnu eigi síðar en 31. mars 2024.“

Í ljósi þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru taldi sambandið rétt að vekja athygli ráðuneytisins á bókuninni og óska eftir samvinnu við ráðuneytið um endurskoðun á stjórnskipulagi náttúrustofa. Mun sambandið fylgja þeirri ósk eftir á komandi vikum.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

*Valgerður Rún Ben.*

Valgerður Rún Benediktsdóttir  
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs